

1866.

10. desbr.

Samkvæmt því, sem nú hefir sagt verið, hlýtur dómsmála-stjórnin að vera yður samdóma, herra stiptamtmaður, um að kveða eigi jáyrði við báðum þessum spurningum¹.

27. desbr.

92. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um það, hvernig verja eigi leigunum af Thorchillii sjóði.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast 5. októbermán. þ. á. allramildilegast að fallast á, að verja megi leigunum á ári hverju af Thorchillii sjóði, frá því 11. júnímán. 1867 og framvegis fyrst um sinn, að frádregnum umboðskostnaðinum, til viðurværis og uppeldis handa fátækustu börnunum í Kjalarnes þingi hinu forna, hjá guðhræddum og ráðvöndum fósturforeldrum, eptir niðurskipan þeirri, sem stiptsyfirvöldin á Íslandi á ári hverju eiga að gjöra, samkvæmt reglum þeim, sem kirkju- og kennslustjórninni ber að skipa fyrir um.

Um leið og yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, er kunngjörður konungsúrskurður þessi, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörið rádstafanir þær, sem með þarf, að stjórnarráðið hefir ákvarðað, að um skiptin á leigum sjóðsins skuli farið eptir reglum þeim, sem hér fara á eptir, og eru þær að mestu leyti samkvæmar uppástungum þeim, sem stiptsyfirvöldin hafa gjört í bréfum, dagsettum 16. og 30. októbermán. f. á. og 4. ágústmán. þ. á.

Í byrjun hvers árs eiga stiptsyfirvöldin að láta kunngjöra í hverjum hrepp um sig í Kjalarnes þingi hinu forna og í Reykjavíkur kaupstað, að leigum þeim af Thorchillii sjóði, sem tekið verður til það ár, að frádregnum umboðskostnaðinum, verði skipt niður, til þess að koma fátækustu börnunum í þeraðinu

¹) Hinum amtmönnunum var sama dag birtur úrskurður þessi.

1866.

27. desbr.

fyrir hjá guðhræddum og ráðvöndum mönnum, þar sem þau geta fengið skynsamlegt og gagnlegt uppeldi, og að, þegar leigunum verði skipt niður á milli sveitanna, verði eins og unnt er haft tillit til fólkstöðunnar í þeim og annara ástæðna, en þó svo, að líka sé höfð hliðsjón af því, hversu mörg börnin eru, sem eru þurfandi, og hversu bágð þau eigi. Um leið og þetta er kunngjört, skal skora á hlutaðeigandi presta, að senda stiptsyfirvöldunum uppástungur frá hreppstjórunum um, hvaða börnum eigi að veita styrk af sjóðnum, og eiga uppástungunum að fylgja álitsskjöl frá prestunum um þær. Bæði uppástungur hreppstjóranna og álitsskjöl prestanna eiga að skýra nóg samlega frá um nafn og aldur barnanna, sem í hlut eiga; um foreldra þeirra eða þá, sem standa straum af þeim; um orsakirnar til þess, að þeir ekki hafa getað látið börnin fá kristilegt uppeldi; og ef til þess kemur, um það, hvort þeir séu fúsir á að láta uppala börnin hjá öðrum; enn fremur á í þeim að vera uppástunga um, hvar hentast væri að koma börnunum fyrir, og þeirri uppástungu að vera samfara skýrsla um nöfn fósturforeldranna, sem stungið er uppá, um heimilisástæður þeirra og efnahag, um siðferði þeirra og aðra hæfilegleika, sem ráða má af, að þeir séu til þess fallnir að takast á hendur uppeldi barnsins, og loks um það, með hvaða kjörum þau vili taka það að sér. Því næst á sóknarpresturinn, sem í hlut á, á hverju ári að láta bænarskránni um, að barnið megi halda styrknum úr sjóðnum, fylgja skýrslu um það, hvernig viðurværi og uppeldi barnið hafi fengið hjá fósturforeldrunum árið sem liðið er, því þeir mega því að eins halda barninu framvegis, að þeir hafi óaðfinnanlega rækt skyldur sínar við það, en að öðrum kosti á að reyna að koma því fyrir hjá öðrum. Styrktarskamtarnir úr sjóðnum skulu veittir frá fardögum til fardaga, og er upphæð þeirra tvenn, 40 rd. handa börnum, sem eru yngri en 11 ára, og 20 rd. handa börnum, sem eldri eru; að öllum jafnaði skal barninu veittur styrkurinn frá því að það er fullra 7 ára og þangað til búið er að ferma það. Sé svo, að barninu, auk þess að það fær viðurværi og uppeldi heima hjá fósturforeldrunum, sé líka komið í barnaskóla á þeirra kostnað, má veita 10 rd.

1866.
27. desbr.

á ári í viðbót við skamta þá, sem áður voru nefndir, til kennslukaups og bókakaupa. Að því er snertir Reykjavíkur kaupstað eiga fátækranefndin og skólanefndin í tæðum kaupstað í sameiningu að skipta niður og verja þeim hluta af leigum sjóðsins, sem að stjórn sjóðsins ákveður að ætlaður skuli á ári hverju til uppeldis fátækum börnum þar; á stjórn sjóðsins að samþykkja gjörðir fátækranefundarinnar og skólanefndarinnar í þessu efni, og skal að öðru leyti farið eptir reglum þeim, sem settar eru hér að framan um upphæð styrktarskamtanna, um það, hversu lengi börnin megi hafa styrkinn, og fleira.